

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/855****2020/EES/62/16****frá 7. maí 2020**

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 að því er varðar að bæta Bahamaeyjum, Barbados, Botsvana, Kambódíu, Gana, Jamaíku, Míritíus, Mongólíu, Mjanmar/Búrma, Níkaragva, Panama og Zímbabwe í töfluna í I. lið viðaukans og fella Bosníu og Hersegóvínu, Eþíópíu, Gvæjana, Laos, Srí Lanka og Túnis brott úr þeirri töflu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið verður að tryggja öfluga vernd fyrir heilindi og eðlilega starfsemi fjármálakerfisins og innri markaðarins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Þess vegna er mælt fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að framkvæmdastjórnin ætti að auðkenna þriðju lönd með mikla áhættu sem eru með annmarka á stefnu sinni hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af.
- 2) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 ⁽²⁾ eru áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu sinni tilgreind. Þá reglugerð ætti endurskoða í ljósi framvindu þessara þriðju landa með mikla áhættu við að ryðja úr vegi annmörkum í stefnu hvað varðar ráðstafanir þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka („AML/CFT“). Framkvæmdastjórnin ætti í mati sínu að hafa hliðsjón af nýjum upplýsingum frá alþjóðastofnunum og aðilum sem setja staðla, s.s. þeim sem fjármálaáðgerðahópurinn (FATF) gefur út. Í ljósi þessara upplýsinga ætti framkvæmdastjórnin einnig að tilgreina fleiri lönd sem eru með annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þeirra í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 3) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náninna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá Sambandinu, sem og aðgengi að mörkuðum, er talið að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675 frá 14. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna þriðju lönd með mikla áhættu með annmarka í stefnu (Stjtið. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1).

- 4) Því er nauðsynlegt að taka tillit til þess starfs sem þegar hefur verið innt af hendi á alþjóðavettvangi til að tilgreina löndin, einkum starf fjármálaaðgerðahópsins. Með það í huga að tryggja heilindi alþjóðlega fjármálakerfisins er afar mikilvægt að Sambandið skoði stöðu landa sem tilgreind hafa verið af fjármálaaðgerðahópnum sem lönd með annmarka í regluverki sínu um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á vettvangi Sambandsins. Í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í tilskipun (ESB) 2015/849 tók framkvæmdastjórnin tillit til nýlegra fyrirliggjandi upplýsinga, einkum nýlegra opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins „Að efla baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli“ (e. *Improving Global AML/CFT Compliance: Ongoing Process Statement*) og skýrslna rýnihóps fjármálaaðgerðahópsins um alþjóðlega samvinnu í tengslum við áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum, í samræmi við 4. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 5) Þriðja land sem alþjóðlega fjármálakerfinu stafar ógn af, með þeim hætti sem fjármálaaðgerðahópurinn hefur tilgreint, er talið ógna innri markaðnum. Sú ályktun á við um öll lönd sem eru opinberlega tilgreind í skjali fjármálaaðgerðahópsins „Opinber yfirlýsing“ og í skjali fjármálaaðgerðahópsins „Að efla baráttuna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli“.
- 6) Til þess að framkvæma óháð mat ætti framkvæmdastjórnin að meta fyrirliggjandi upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum og, þar sem við á, upplýsingar frá öðrum heimildum til að komast að niðurstöðu. Í kjölfar matsins hefur greining framkvæmdastjórnarinnar leitt í ljóst annmarka í stefnu eins og lýst er í forsendum 8 til 19.
- 7) Í október 2018 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Bahamaeyjar sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hafa Bahamaeyjar útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Bahamaeyjar hafa gert ráðstafanir í átt að umbótum á fyrirkomulagi sínu um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og í febrúar 2020 tók fjármálaaðgerðahópurinn þá frumákvörðun að Bahamaeyjar hefðu fullframkvæmt aðgerðaáætlun sína og ábyrgðist vettvangsathugun til að ganga úr skugga um að framkvæmd úrbóta Bahamaeyja í tengslum við baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hafi hafist og sé haldið við og að nauðsynleg pólitísk skuldbinding sé til staðar til að halda áfram framkvæmdinni í framtíðinni. Fjármálaaðgerðahópurinn hefur ekki ennþá framkvæmt slíkt mat til að staðfesta frumákvörðun sína. Því hefur framkvæmdastjórnin ekki í fórum sínum þær upplýsingar sem myndu gera henni kleift að staðfesta að svo stöddu að annmarkar í stefnu hafi verið leystir með fullnægjandi hætti. Við framtíðarmatið verður lögð áhersla á eftirfarandi svið: 1) að útbúa heildstætt rafrænt málástjórnunarkerfi fyrir alþjóðlega samvinnu, 2) að sýna fram á eftirlit, byggt á áhættumati með fjármálastofnunum sem ekki eru bankar, 3) að tryggja tímalegan aðgang að fullnægjandi, réttum og nýjum upplýsingum um eignarhald og raunverulegt eignarhald, 4) að auka gæði afurða skrifstofu fjármálagreininga lögreglu til að aðstoða löggæslufirvöld við rannsókn peningaþvættis/fjármögnun hryðjuverka, einkum flókið peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka og rannsókn á peningaþvætti einu og sér, 5) að sýna fram á að stjórnvöld séu að rannsaka og ákæra fyrir allar tegundir peningaþvættis, þ.m.t. flókin peningaþvættismál, peningaþvætti eitt og sér og mál þar sem um ágóða af afbrotum erlendis er að ræða, 6) að sýna fram á að mál til að gera upptækan ágóða séu höfðuð og kláruð fyrir allar tegundir peningaþvættis, og 7) að bæta úr annmörkum sem standa í vegi fyrir markvissum fjárhagslegum viðurlögum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu vopna og sýna fram á að úrbótunum sé fylgt eftir. Á þessum grunni ættu Bahamaeyjar að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar fyrirkomulag baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 8) Í febrúar 2020 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Barbados sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Barbados gert aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á skilvirku eftirliti, byggðu á áhættumati, með fjármálastofnunum og tilgreindum fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum, 2) annmarkar sem varða ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lögaðilar og aðrir sambærilegir aðilar séu misnotaðir í glæpsamlegum tilgangi og vankanta á tryggingu nákvæmra dagréttra tímalegra upplýsinga um eignarhald og raunverulegt eignarhald, 3) annmarkar sem varða bolmagn skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu til að veita fjárhagsupplýsingar til þess að aðstoða frekar löggæslufirvöld við rannsókn peningaþvættis og fjármögnun hryðjuverka, 4) annmarkar sem varða rannsóknir og ákætur vegna peningaþvættis sem eru ekki í samræmi við áhættulýsingu lands og tafir á ákærum vegna málaafjölda, 5) annmarkar þegar kemur að því að gera ágóða upptækan í tengslum við peningaþvættismál, þ.m.t. þegar takmarkaðrar aðstoðar er óskað frá samsvarandi stofnunum erlendis. Á þessum grunni ætti Barbados að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

- 9) Í október 2018 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Botsvana sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Botsvana gert aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) annmarkar á áhættumati á löggaðilum, lagalegum ráðstöfunum, og stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, 2) skortur á að kröfum eftirlitshandbókar um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé hrundið í framkvæmd, 3) umfang greiningar og dreifingar fjármálaupplýsinga skrifstofu fjármálagreiningar lögreglu, 4) skortur á fullnægjandi framkvæmd stefnuáætlunar til að hindra fjármögnun hryðjuverka og á bolmagni löggæslustofnana til að rannsaka fjármögnun hryðjuverka, 5) skortur á getu til að hrinda markvissum fjárhagslegum viðurlögum í framkvæmd án tafar sem tengjast fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu vopna, og 6) annmarkar á beitingu áhættumiðaðra aðferða til að fylgjast með stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Á þessum grunni ætti Botswana að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 10) Í febrúar 2018 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Kambódía sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Kambódía útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á lagagrundvelli fyrir gagnkvæma lögfræðiaðstoð og viðeigandi þjálfun löggæsluyfirvalda, 2) skortur á að eftirliti, byggðu á áhættumati, sé hrundið í framkvæmd gagnvart fasteignageiranum og spilavítum, 3) skortur á að eftirliti með bönkum, byggðu á áhættumati, sé hrundið í framkvæmd með skjótum, hlutfallslegum aðgerðum sem hafa varnaðaráhrif til að framfylgja því, þegar við á, 4) annmarkar er kemur að því að fara að tæknilegum kröfum í lögum um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, 5) umfang greiningar á skýrslum um grunsamleg viðskipti og tengd miðlun til löggæsluyfirvalda, 6) ófullnægjandi árangur að því er varðar rannsóknir á peningaþvætti og að gefa út ákærur, 7) ófullnægjandi árangur að því er varðar frýstingu og upptöku ágóða af brotastarfsemi, verknáðartæki og eignir af samsvarandi virði, 8) skortur á lagaramma til að hrinda í framkvæmd markvissum fjárhagslegum viðurlögum Sameinuðu þjóðanna í tengslum við fjármögnun útbreiðslu vopna, auk ófullnægjandi skilnings á viðurlögum við undanskotum. Á þessum grunni ætti Kambódía að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 11) Í október 2018 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Gana sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Gana útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) misbrestur á framkvæmd heildstæðrar stefnu gagnvart peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka á landsvísi, sem byggist á áhættu sem tilgreind er í landsbundna áhættumatinu, þ.m.t. ráðstafanir til að draga úr hættu á peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka sem tengist löggaðilum, 2) annmarkar á eftirliti, byggðu á áhættumati, þ.m.t. ófullnægjandi afkastageta stjórnvalda og ófullnægjandi meðvitund í einkageiranum, 3) misbrestur á að tryggja tímalegan aðgang að fullnægjandi, réttum og nýjum upplýsingum um eignarhald og raunverulegt eignarhald, 4) annmarkar að því er varðar þörfina á því að tryggja að skrifstofa fjármálagerninga lögreglu leggi áherslu á áhættu sem tilgreind er í landsbundna áhættumatinu og að nægum tilföngum sé úthlutað til skrifstofu fjármálagerninga lögreglu, og 5) annmarkar á beitingu áhættumiðaðra aðferða til að fylgjast með stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Á þessum grunni ætti Gana að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 12) Í febrúar 2020 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Jamaíka sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Jamaíka útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á heildstæðum skilningi á hættunni sem stöðjar að landinu þegar kemur að peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka, 2) misbrestur á því að láta regluverkið um peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka taka til allra fjármálastofnana og fyrirtækja sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreina og á því að tryggja nægilegt eftirlit, byggðu á áhættumati, með öllum geirum, 3) skortur á viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að löggaðilar og aðrir sambærilegir aðilar séu misnotaðir í glæpsamlegum tilgangi og á að tryggja að nákvæmar dagréttra tímanlegar upplýsingar um eignarhald og raunverulegt eignarhald séu tiltækar, 4) skortur á réttum ráðstöfunum til að auka notkun fjárhagsupplýsinga og rannsóknir og á ákærum vegna peningaþvættis í samræmi við áhættulýsingu landsins, 5) ekki hefur verið sýnt fram á framkvæmd markvissra fjárhagslegra viðurlaga við fjármögnun hryðjuverka án tafar, og 6) annmarkar á framkvæmd áhættumiðaðra aðferða fyrir eftirlit með stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni til að koma í veg fyrir misnotkun þeirra í þágu fjármögnunar hryðjuverka. Á þessum grunni ætti Jamaíka að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

- 13) Í febrúar 2020 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Míritíus sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka og hefur Míritíus útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármála-aðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) misbrestur á því að sýna fram á að eftirlitsaðilar með alþjóðlegum fyrirtækjageira landsins og fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum framkvæmi eftirlit, byggt á áhættumati, 2) misbrestur á því að tryggja skjótan aðgang lögbærri yfirvalda að nákvæmum upplýsingum um eignarhald og raunverulegt eignarhald, 3) misbrestur á því að sýna fram á að löggæsluyfirvöld hafi bolmagn til að rannsaka peningaþvætti, þ.m.t. samhliða rannsóknir á sviði fjármála og flókin mál, 4) misbrestur á framkvæmd áhættumiðaðra aðferða fyrir eftirlit með stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni til að koma í veg fyrir misnotkun þeirra í þágu fjármögnunar hryðjuverka, og 5) misbrestur á því að sýna fram á nægilega framkvæmd markvissra fjárhagslegra viðurlaga með almannatengslum og eftirliti. Á þessum grunni ætti Míritíus að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 14) Í október 2019 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Mongólíu sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Mongólía útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármála-aðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Mongólía hefur stigið skref í átt að umbótum á fyrirkomulagi baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en meðal annmarka sem ekki hefur verið ráðið bót á eru: 1) annmarkar á skilningi eftirlitsaðila með fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum á geiratengdum áhættum á peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka, auk skorts á beitingu áhættumiðaðra aðferða, einkum í tengslum við söluaðila eðalmálma og steina, 2) þörf er á að sýna fram á auknar rannsóknir og ákærur að því er varðar mismunandi tegundir peningaþvættis í samræmi við þá áhættu sem greinst hefur, og 3) ófullnægjandi vöktun á því hvort að fjármálastofnanir og fyrirtæki sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinar fari að markvissum fjárhagslegum viðurlagaskyldum í tengslum við fjármögnun vopnaútbreiðslu og ónæg beiting hæfilegra viðurlaga sem hafa varnaðaráhrif. Á þessum grunni ætti Mongólía að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 15) Í febrúar 2020 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Mjanmar/Búrma sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka og hefur Mjanmar/Búrma útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) misbrestur á því að sýna fram á bætta skilning á hættum á peningaþvætti á lykilsviðum, 2) misbrestur á því að tryggja að eftirlitsaðilar með fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum hafi nægt bolmagn, skortur á eftirliti byggðu á áhættumati á vettvangi og utan hans og með „hundi“-rekstraradilum sem eru skráðir og undir eftirliti, 3) misbrestur á því að sýna fram á bætta notkun fjármálaupplýsinga í rannsóknum löggæsluyfirvalda og ófullnægjandi greining á rekstri og miðlun af hálfu skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, 4) nauðsyn þess að tryggja rannsóknir/ákærur vegna peningaþvættis í samræmi við áhættu, 5) misbrestur á að sýna fram á rannsóknir á fjölbjóðlegum peningaþvættismálum í alþjóðlegri samvinnu, 6) ekki hefur verið sýnt fram á aukningu á frystingu/upptöku ágóða af brotastarfsemi, verknaðartækja og/eða eigna af samsvarandi virði, 7) annmarkar á meðferð kyrrsettra eigna til að viðhalda virði kyrrsettra vara þar til eignaupptaka á sér stað, og 8) ekki hefur verið sýnt fram á framkvæmd markvissra fjárhagslegra viðurlaga í tengslum við fjármögnun vopnaútbreiðslu, þ.m.t. þjálfun um undanskot frá viðurlögum. Á þessum grunni ætti Mjanmar/Búrma að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 16) Í febrúar 2020 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Níkaragva sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn hryðjuverkum og fjármögnun hryðjuverka og hefur Níkaragva gert aðgerðaáætlun ásamt fjármála-aðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á heildstæðum skilningi á hættunni sem stöðjar að landinu þegar kemur að peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka, 2) misbrestur á því að falast að eigin frumkvæði eftir alþjóðlegri samvinnu til að styðja við rannsóknir á peningaþvætti, einkum með það fyrir augum að greina og rekja eignir með eignaupptöku og heimsendingu að leiðarljósi, 3) annmarkar á framkvæmd skilvirks eftirlits, byggðu á áhættumati, 4) skortur á viðeigandi ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að lögaðilar og aðrir sambærilegir aðilar séu misnotaðir í glæpsamlegum tilgangi og á að tryggja að nákvæmar dagréttar tímanlegar upplýsingar um eignarhald og raunverulegt eignarhald séu tiltækar. Á þessum grunni ætti Níkaragva að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.

- 17) Í júní 2019 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Panama sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Panama útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á skilningi á hættu sem stöðjar að landinu og geirum þess þegar kemur að peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka og þar af leiðandi misbrest á því að viðkomandi niðurstöður skili sér stefnu ríkisins með það fyrir augum að milda og greina áhættur, 2) annmarkar á auðgreiningu óskráðra fyrirtækja, í forvarnarskyni, sem annast yfirfærslu á fé, beitingu áhættumiðaðra aðferða til að hafa eftirlit með fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum og beitingu skilvirkra hæfilegra viðurlaga sem hafa varnaðaráhrif gagnvart afbrotum sem tengjast peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka, 3) að gengið sé nægilega vel úr skugga um hvort upplýsingar um raunverulegt eignarhald séu réttar og uppfærðar, skortur á skilvirkum leiðum til að fylgjast með aðgerðum aflandsfélaga, annmarkar á mati á fyrirliggjandi hættu á að lögaðilar og aðrir sambærilegir aðilar séu misnotaðir til að skilgreina og hrinda sértækum ráðstöfunum í framkvæmd til að koma í veg fyrir misnotkun tilnefndra hluthafa fyrir annan aðila og stjórnenda og annmarkar á að tryggja tímanlegan aðgang að nægilegum og réttum upplýsingum um raunverulegt eignarhald, og 4) annmarkar varðandi skilvirka notkun á afurðum skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu til að rannsaka peningaþvætti og með hliðsjón af getu til að rannsaka og ákæra fyrir peningaþvætti sem felst í erlendum skattalagabrotum og taka þátt í uppbyggilegri og tímanlegri alþjóðlegri samvinnu í tengslum við slík brot, ófullnægjandi áhersla á rannsóknir á peningaþvætti í tengslum við svið þar sem mikil áhætta er fyrir hendi sem tilgreind er í landsbundna áhættumatinu og gagnkvæmu matsskýrslunni. Á þessum grunni ætti Panama að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 18) Í október 2019 tilgreindi fjármálaaðgerðahópurinn Zimbabwe sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og hefur Zimbabwe útbúið aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) ófullnægjandi skilningur á lykiláhættum í tengslum við peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka meðal viðkomandi hagsmunaaðila og skortur á framkvæmd landsstefnu í baráttu gegn peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka sem byggir á áhættu sem greinst hefur, 2) misbrestur á því að hrinda eftirliti með fjármálastofnunum og fyrirtækjum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum, byggðu á áhættumati, í framkvæmd, þ.m.t. ófullnægjandi uppbygging getu meðal lögbærra yfirvalda, 3) skortur á fullnægjandi ráðstöfunum til að milda áhættu meðal fjármálastofnana og fyrirtækja sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreina sem hafa í för með sér beitingu hæfilegra viðurlaga sem hafa varnaðaráhrif við brotum, 4) annmarkar á lagamma og tilhögun söfnunar og geymslu réttra og uppfærðra upplýsinga um raunverulegt eignarhald á lögaðilum og öðrum sambærilegum aðilum og á tryggingu tímalegs aðgangs lögbærra yfirvalda að þeim, og 5) glöppur í ramma og framkvæmd markvissra fjárhagslegra viðurlaga sem tengjast fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu vopna. Á þessum grunni ætti Zimbabwe að teljast land sem hefur annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þess baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 19) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar, hefur niðurstaða mats framkvæmdastjórnarinnar verið að Bahamaeyjar, Barbados, Botswana, Kambódía, Gana, Jamaíka, Míritíus, Mongólía, Mjanmar/Búrma, Níkaragva, Panama og Zimbabwe ættu að teljast lögsögur þriðja lands með annmarka í stefnu sinni hvað varðar ráðstafanir þeirra í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af samkvæmt þeim viðmiðum sem sett eru fram í 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849. Það ber að athuga að þessi lönd hafa sett fram skriflegar pólitískar skuldbindingar háttsettra aðila til að ráða bót á tilgreindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlanir með fjármálaaðgerðahópnum.
- 20) Enn fremur er þess getið að fjármálahópurinn tilgreindi Úganda sem lögsögu sem hefði annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og útbjó Úganda aðgerðaáætlun ásamt fjármálaaðgerðahópnum í febrúar 2020. Framkvæmdastjórnin lagði mat á nýjustu upplýsingar frá fjármálaaðgerðahópnum í þessu samhengi varðandi þessa annmarka og aðrar viðkomandi upplýsingar. Meðal þeirra annmarka eru: 1) skortur á landsáætlun fyrir baráttu gegn peningaþvætti/fjármögnun hryðjuverka, 2) misbrestur á því að leitast eftir alþjóðlegri samvinnu í samræmi við áhættulýsingu landsins, 3) ekki hefur verið mótað og sett upp eftirlit, byggt á áhættumati, með fjármálastofnunum og stofnunum sem ekki eru fjármálastofnanir og starfsgreinum, 4) glöppur þegar kemur að því að tryggja að lögbær yfirvöld hafi tímanlegan aðgang að nákvæmum upplýsingum um eignarhald og raunverulegt eignarhald lögaðila, 5) annmarkar þegar kemur að því að sýna fram á að löggæslu- og dómsmálafirvöld fari með peningaþvættisbrot í samræmi við þá áhættu sem greinst hefur, 6) ekki hefur verið mótuð eða framkvæmd stefna um tilgreiningu, rakningu, kyrrsetningu og upptöku ágóða af brotastarfsemi og verknaðartæki afbrota, 7) misbrestur á að sýna fram á að löggæslufirvöld rannsaki fjármögnun hryðjuverka og leitist við að gefa út ákæror sem samsvara áhættulýsingu fjármögnunar hryðjuverka fyrir Úganda, 8) tæknilegir annmarkar lagamma fyrir framkvæmd markvissra fjárhagslegra

viðurlaga í tengslum við fjármögnun útbreiðslu vopna og annmarkar á framkvæmd áhættumiðaðrar aðferðar við eftirlit með stofnunum sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni til að koma í veg fyrir að þær séu misnotaðar í þágu fjármögnunar hryðjuverka. Úganda hefur einnig sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hefur útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum. Úganda er þegar getið í framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675. Þar af leiðandi ætti staða og ráðstafanir gagnvart Úganda að haldast í óbreyttu horfi.

- 21) Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin fylgist stöðugt með þróun í mati á laga- og stofnanarömmum sem eru við lýði í þriðju löndum, valdheimildum og málsmeðferðarreglum lögbærra yfirvalda og skilvirkni þeirra ráðstafana sem þau grípa til í baráttunni gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, með það í huga að uppfæra viðaukann við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675.
- 22) Framkvæmdastjórnin lagði mat á framgang í úrbótum landa með annmarka í stefnu sinni á skrá í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1657 sem fjármálaaðgerðahópurinn hefur tekið af skrá frá júlí 2016 samkvæmt kröfum tilskipunar (ESB) 2015/849. Framkvæmdastjórnin lauk mati á framgangi úrbóta í Bosníu og Hersegóvínu, Eþíópíu, Gvæjana, Laoska alþýðulýðveldinu, Srí Lanka og Túnis.
- 23) Fjármálaaðgerðahópurinn fagnaði umtalsverðum framgangi í Bosníu og Herzegovínu, Gvæjana, Laoska alþýðulýðveldinu, Srí Lanka og Túnis til úrbóta á regluverki tengdu peningabætti/fjármögnun hryðjuverka og tók fram að þessi lönd hefðu komið á laga- og eftirlitsramma til að uppfylla þær skuldbindingar sem kveðið væri á um í aðgerðaáætlunum varðandi annmarka í stefnu sem fjármálaaðgerðahópurinn hafði tilgreint. Þessi lönd falla því ekki lengur undir eftirlitsferli fjármálaaðgerðahópsins samkvæmt viðvarandi hnattrænu eftirliti með reglufylgni í tengslum við peningabætti/fjármögnun hryðjuverka. Þessi lönd munu halda áfram að vinna með svæðisbundnum hópum sem eru sambærilegir FATF til að halda áfram að bæta umgjörðina um baráttuna gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka.
- 24) Framkvæmdastjórnin mat upplýsingar sem varða framgang í viðbrögðum við annmörkum í stefnu þessara þriðju landa.
- 25) Samkvæmt niðurstöðum mats framkvæmdastjórnarinnar eru Bosnía og Hersegóvína og Gvæjana að svo stöddu ekki með annmarka í regluverki fyrir baráttu gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka þegar tillit er tekið til tiltækra upplýsinga. Þessi lönd hafa nýlega gripið til fjölda ráðstafana til þess að efla regluverk sitt fyrir baráttuna gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka og framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast með skilvirkri framkvæmd slíkra ráðstafana. Framkvæmdastjórnin mun meta þessi lönd þegar nýjar upplýsingar verða tiltækar. Því ættu Bosnía og Gvæjana ekki að teljast hafa annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttunni gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka.
- 26) Einnig komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að Túni væri ekki lengur með annmarka í stefnu sinni gagnvart baráttu gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka með tilliti til fyrirbyggjandi upplýsinga. Túnis hefur aukið skilvirkni regluverks síns í baráttu gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka og brugðist við tæknilegum annmörkum til að standa við skuldbindingarnar í aðgerðaáætlun sinni um annmarka í stefnu sem fjármálaaðgerðahópurinn hafði greint. Þessar ráðstafanir eru nægilega heildstæðar og uppfylla nauðsynleg skilyrði til að hægt sé að telja að bætt hafi verið úr annmörkum í stefnu sem tilgreindir höfðu verið skv. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 27) Enn fremur er komist að þeirri niðurstöðu í mati framkvæmdastjórnarinnar að Eþíópía, Laoska alþýðulýðveldið og Srí Lanka hafi hrundið í framkvæmd ráðstöfunum til að bregðast við annmörkum í stefnu sem fjármálaaðgerðahópurinn tilgreindi og teljist ekki lengur hafa slíka annmarka í stefnu. Í kjölfar ráðstafanna sem hrundið var í framkvæmd samkvæmt aðgerðaáætluninni ásamt fjármálaaðgerðahópnum telst alþjóðlega fjármálakerfinu ekki lengur stafa ógn af peningabætti/fjármögnun hryðjuverka frá þessum löndum. Þegar tekið er tillit til mikilvægis þeirra fyrir fjármálakerfi Sambandsins telur framkvæmdastjórnin að frá þessum löndum stafi ekki lengur veruleg ógn við fjármálakerfi Evrópusambandsins. Því ætti ekki að telja að Eþíópía, Laoska alþýðulýðveldið og Srí Lanka hafi annmarka í stefnu sinni þegar kemur að regluverki þeirra fyrir baráttu gegn peningabætti/fjármögnun hryðjuverka að svo komnu máli.
- 28) Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til að veita þriðju löndum tækniaðstoð sem skráð eru í viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675, eftir því sem við á, til þess að aðstoða þau við að bæta úr og greina annmarka í stefnu sinni.

- 29) Að teknu tilliti til hinna mjög svo sérstöku og óútreiknanlegu aðstæðna sem rísa vegna COVID-19 faraldursins sem hefur hnattræn áhrif og leiðir mjög líklega til truflunar á eðlilegri starfsemi rekstraraðila sem og lögbærra yfirvalda ætti að skilgreina daginn þegar 2. gr. kemur til framkvæmda, að því er varðar að bæta við þriðju löndum, þannig að það tryggi nægilegan tíma fyrir skilvirka framkvæmd hans við þessar aðstæður. Því ætti, í þessu undantekningartilviki, dagurinn þegar 2. gr. þessarar reglugerðar kemur til framkvæmda, að vera síðari dagur en gildistökudagur hennar.

Að því er varðar þriðju lönd sem verða tekin af skrá rísa engin meiriháttar vandkvæði að því er varðar framkvæmd. Því er réttmætt að kveða á um afskráningu án ástæðulausrar tafar.

- 30) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675, í töfluna undir liðnum „I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á þeim annmörkum sem greinst hafa og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálalópnum“ ætti að fella brott eftirfarandi línur:

2	Bosnía og Hersegóvína
3	Gvæjana
5	Laoska alþýðulýðveldið
10	Eþíópía
11	Srí Lanka
13	Túnis

2. gr.

Í viðaukanum við framselda reglugerð (ESB) 2016/1675, undir liðnum „I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á þeim annmörkum sem greinst hafa og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálalópnum“ kemur eftirfarandi í stað töflunnar:

„Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Bahamaeyjar
3	Barbados
4	Botsvana
5	Kambódía
6	Gana
7	Írak
8	Jamaíka
9	Máritíus
10	Mongólía
11	Myanmar (Mjanmar)
12	Níkaragva
13	Pakistan

14	Panama
15	Sýrland
16	Trínidad og Tóbagó
17	Úganda
18	Vanúatú
19	Jemen
20	Zimbabwe“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 2. gr. gilda hins vegar frá 1. október 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
